

Nd.

200. Breytingartillögur

við frumvarp til bifreiðalaga.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 34. gr. Greinina skal orða svo:

Hljótist slys eða tjón af notkun bifreiðar á mönnum eða munum, er sá, sem ábyrgð ber á henni, skyldur til að bæta það fé, nema leitt sé í ljós, að slysi eða tjóni hefði ekki orðið afstýrt, þótt bifreiðin hefði verið í lagi og ökumaður sýnt fulla aðgæzlu og varkárni.

Nefnd regla gildir þó ekki um slys eða tjón á fólki eða varningi, sem bifreið flytur, nema bifreiðin sé til afnota fyrir almenning gegn borgun. Um skaðabótaskyldu fyrir önnur slík slys eða tjón fer eftir almennum reglum.

Færa má fóbætur niður eða jafnvel láta þær alveg niður falla, ef sá, er fyrir slysi eða tjóni varð, er meðvaldur þess eða meðábyrgur.

Ef árekstur verður milli bifreiða, tveggja eða fleiri, skiptist tjónið á þær sín á milli að tiltölu við sök hvers þeirra í slysinu.

Skaðabótakröfu ásamt kostnaði fylgir lögveð í bifreiðinni, ef hún, þegar tjónið varð, var í notkun eigandans eða lögmæts umráðamanns. Lögveð þetta gengur fyrir öðrum skuldum, sem hvila á bifreiðinni, að fráskildum opinberum gjöldum.

2. Við 35. gr. Greinina skal orða svo:

Eigandi (umráðamaður) bifreiðar ber ábyrgð á henni og er skaðabótaskyldur samkvæmt 34. gr.

Noti maður bifreið annars manns í heimildarleysi, færast skaðabótaskylda eigandans yfir á notandann.

Ökumaður bifreiðar er auk þess skaðabótaskyldur, ef hann á sök á slysi eða tjóni, er verður af notkun bifreiðarinnar.

3. Við 36. gr. 1. málsg. orðist svo:

Sérhverjum bifreiðareiganda er skylt að kaupa í tryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra þeim, sem fer með tryggingarmál. og halda við tryggingu fyrir bifreið sína, er nemi 15000 kr. fyrir tvihjóla bifreiðar og 30000 kr. fyrir fjórhjóla bifreiðar. Skal með því tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri skaðabótakröfu, er gerð kann að verða á hendur öku-
manni bifreiðar eða þeim, sem ábyrgð bar á bifreiðinni, þegar slys eða tjón bar að höndum.